Nöfn	Náms- styrkur kr.	Húsa- leigust. kr.	Bræðra- sjóðsst kr.	Styrkur alls kr.
Flutt	2000	720	473	3193
49. Sveinn Jónsson			38	38
50. Lárus Jónsson			15	15
51. Sigurður Grímsson			10	10
52. Steingrímur Guðmundsson			10	10
53. Ágúst Brynjólfsson			20	20
54. Kristján Albertsson			10	10
55. Skúli Guðjónsson			10	10
56. Árni Ásgeirsson			10	10
Samtals	2000	720	596	3316

Allir nemendur nutu gjafkenslu. Þeir piltar, sem hafa haft umsjón á hendi (sjá bls. 4—5), fengu, eins og að undanförnu, bækur að launum af fé skólans.

Sömuleiðis var í lok skólaársins verðlaunabókum úthlutað til nokkurra nemenda fyrir fé það, sem til þess er ætlað í fjárlögunum.

Hálfir ársvextir af legatssjóði dr. Jóns Þorkelssonar rektors (22 kr. 38 a.) voru úthlutaðir Péttri Sigurðssyni í 6. bekk.

Bræðrasjóðurinn.

Reikningur Bræðrasjóðsins frá 8. apríl 1913 til 8. apríl 1914.

Tekjur:

1. Eign:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	16819,35	
b. - bankavaxtabréfum	—	2400,0	
c. - sparissjóði	—	780,93	
d. Hjá reikningshaldara	—	3,47	kr. 20003,75
2. Prófgjöld	—		116,00
3. Tillög skólanemenda	—		140,00
4. Frá leikfélagi nemenda, ágóði af leikum í jóla leyfinu	—		90,00
5. Ágóði á vaxtabréfum:			
a. Við skifti á bankavaxtabréfi (100 kr.)	kr.	5,50	
b. Við kaup á bankavaxtabréfum (1000 kr.)	—	55,00	— 60,50
			Flyt: kr. 20410,25

			Flutt: kr. 20410,25
6. Vextir:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	772,00	
b. Af bankavaxtabréfum	—	108,00	
c. Í sparisjóði	—	34,36	kr. 914,36
			<u>Samtals kr. 21324,61</u>

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu			kr. 596,00
2. Eign:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	17205,35	
b. - bankavaxtabréfum	—	3400,00	
c. - sparisjóði	—	121,26	
d. - Hjá reikningshaldara	—	2,00	— 20728,61
			<u>Samtals kr. 21324,61</u>

Reykjavíkur almenna mentaskóla, 10. apríl 1914.

G. T. Zoëga.

Legat Jóns dr Þorkelssonar rektors.

Reikningur legatsins árið 1913.

Tekjur:

1. Eign í Söfnunarsjóði í ársbyrjun 1913	kr.	975,17
2. Geymt til úthlutunar í júní 1913	—	21,78
3. Vextir 1913	—	44,76
		<u>Samtals kr. 1041,71</u>

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu	kr.	21,78
2. Eign í Söfnunarsjóði við árslok 1913	—	997,55
3. Geymt til úthlutunar í júní 1914	—	22,38
		<u>Samtals kr. 1041,71</u>

Reykjavíkur almenna mentaskóla 10. apríl 1914.

G. T. Zoëga.

Reikningur

Minningarsjóðs 25 ára stúdenta

frá

Reykjavíkurskóla 1913.

Eign í Söfnunarsjóði Íslands í ársbyrjun	kr. 1311,10
Gjafir eldri stúdenta	— 15,00
Tillög stúdenta frá 1888	— 45,00
Vextir.	— 61,27
Eign í Söfnunarsjóði Íslands í árslok	kr. 1432,37

Reykjavíkur almenna mentaskóla 4. marz 1914.

G. T. Zoëga.

Gjafir og tillög

til Minningarsjóðs 25 ára stúdenta

frá

Reykjavíkurskóla 1913.

Gjafir:

Finnur Jónsson prófessor í Kaupmannahöfn	kr. 5,00
Jón Helgason prófessor í Reykjavík	— 5,00
Pálmi Pálsson adjunkt í Reykjavík	— 5,00

Tillög:

Bjarni Hjaltsted prestur, skólakennari í Reykjavík	— 10,00
Bjarni Símonarson prófastur að Brjánslæk.	— 10,00
Guðmundur Jónsson cand. theol. í Ísafjarðarkaupstað	— 25,00

Reikningur

Legats Jos. Cal. Poestions 1913.

Tekjur:

Eign í sparissjóði við ársbyrjun 1913	kr. 125,94
Vextir 1913.	— 5,03
	Samtals 130,97

Gjöld:

Eign í sparisjóði við árslok 1913. kr. 130,97

Reykjavíkur almenna mentaskóla 10. apríl 1914.

G. T. Zoëga.

VI. Próf.**A. Miðsvetrarpróf**

var haldið síðari hluta febrúarmánaðar eins og vant hefir verið.

B. Árspróf

var haldið í 1., 2., 4. og 5. bekk síðustu dagana í maí og fyrri hluta júnímánaðar.

C. Inntaka nemenda í skólann.**a. Inntökupróf við byrjun skólaársins.***Tækir í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar:*

1. Ásta Þórdís Tómasdóttir, fædd í Níkhól í Mýrdal 21. september 1900. Foreldrar: Tómas læknir Helgason og kona hans Sigríður Helgason.
2. Jakob Guðjohnsen, fæddur í Húsavík 23. janúar 1899. Foreldrar: Stefán verzlunarstjóri Guðjohnsen og kona hans Kristín Guðjohnsen.
3. Karólína Þorbjörg Magnúsdóttir, fædd á Akranesi 23. september 1898. Foreldrar: Magnús ljósmyndari Ólafsson og kona hans Guðrún Jónsdóttir.
4. Þorbergur Erlendsson, fæddur á Oddeyri við Eyjafjörð 2. marz 1900. Foreldrar: Erlendur trésmiður Sveinsson og kona hans Sigurbjörg Ólafsdóttir.

Teknir í 1. bekk lærdómsdeildarinnar

að afloknu prófi á Akureyri:

1. Ágúst Viggó Marinó Olgeirsson, fæddur í Búðakaupstað 11. júlí 1897. Foreldrar: Olgeir verzlunarstjóri Friðgeirsson og kona hans Ágústa M. Vigfúsdóttir.
2. Arinbjörn Hjálmarsson, fæddur á Ljótstöðum í Laxárdal í Suður-

- Þingeyjarsýslu 1. janúar 1896. Foreldrar: Hjálmar J. Stefánsson og kona hans Jakobína Björnsdóttir.
3. Bjarni Halldórsson, fæddur að Urriðavatni í Fellum 13. janúar 1892. Foreldrar: Halldór Magnússon og kona hans Sigurbjörg Snorradóttir.
 4. Bjarni Jónsson, fæddur í Þórormstungu í Vatnsdal 13. ágúst 1892. Foreldrar: Jón bóndi Hannesson og kona hans Ásta Margr. Bjarnadóttir.
 5. Egill Jónsson, fæddur á Egilsstöðum á Völlum 17. júlí 1894. Foreldrar: Jón borgari Bergsson og kona hans Margrét Pétursdóttir.
 6. Helgi Ingvarsson, fæddur í Gaulverjabæ í Flóa 10. október 1896. Foreldrar: Ingvar prestur Nikulásson og kona hans Júlía Guðmundsdóttir.
 7. Lárus Jónsson, fæddur á Þingeyrum í Húnavatnssýslu 23. marz 1896. Foreldrar: Jón bóndi Jónsson og kona hans Sigurlaug Bjarnadóttir.
 8. Pétur Magnússon, fæddur í Vallanesi 18. apríl 1893. Foreldrar: Magnús prestur Blöndal Jónsson og kona hans Ingibjörg Pétursdóttir.
 9. Sigurður Jónasson, fæddur í Lækjabæ í Staðarbakkaprestakalli 19. ágúst 1896. Foreldrar: Jónas kaupmaður Jónasson og kona hans Sigurborg Geirmundardóttir.
 10. Stanley Guðmundsson, fæddur á Laugalandi á Pelamörk 11. desember 1893. Foreldrar: Guðmundur búfræðingur Jónsson og Guðrún Guðjónsdóttir.
 11. Sveinbjörn Benediktsson, fæddur á Grenjadarstað 6. ágúst 1895. Foreldrar: Benedikt prófastur Kristjánsson og kona hans Ásta Þórarinsdóttir.
 12. Sveinbjörn Helgi Blöndal, fæddur á Sjóárlandi í Pistilfirði 31. marz 1895. Foreldrar: Björn læknir Blöndal og kona hans Sigríður Blöndal.
 13. Trausti Ólafsson, fæddur í Breiðavík í Rauðasandshreppi 22. júní 1891. Foreldrar: Ólafur bóndi Ólafsson og kona hans Sigríður Traustadóttir.
 14. Þórhallur Sigtryggsson, fæddur á Espihóli í Eyjafirði 20. desember 1895. Foreldrar: Sigtryggur limburmeistari Jónsson og kona hans Guðný Þorkeldsdóttir.

b. Inntökupróf við lok skólaársins.

Tæk í 1. þekk:

1. Baldvin Einarsson, fæddur á Hraunum í Fljótlum 31. maí 1901. Foreldrar: Einar B. Guðmundsson bóndi á Hraunum og kona hans Dagbjört Magnúsdóttir.
2. Bolli S. Thoroddsen, fæddur á Ísafirði 26. apríl 1901. Foreldrar: Skúli Thoroddsen ritstjóri og kona hans Theodóra Guðmundsdóttir Thoroddsen.

3. Einar Magnússon, fæddur að Miðfelli í Hrunamannahreppi 17. marz 1900. Foreldrar: Magnús bóndi Einarsson og kona hans Sigríður Halldórsdóttir.
4. Elin Sigurðardóttir, fædd á Laxamýri í Þingeyjarsýslu 12. maí 1901. Foreldrar: Sigurður kaupmaður Björnsson og kona hans Snjólaug Sigurjónsdóttir.
5. Gunnar Bjarnason, fæddur í Reykjavík 12. febrúar 1901. Foreldrar: Nicolai kaupmaður Bjarnason og kona hans Anna Bjarnason f. Thorsteinsen.
6. Halldór Halldórsson, fæddur í Reykjavík 27. nóvember 1900. Foreldrar: Halldór bankagjaldkeri Jónsson og kona hans Kristjana A. Pétursdóttir.
7. Guðmundur Eyjólfsson, fæddur í Reykjavík 24. desember 1900. Foreldrar: Eyjólfur verzlunarmaður Ófeigsson og kona hans Pálína Jónsdóttir.
8. Jóhanna Guðmundsdóttir, fædd í Reykjavík 16. júní 1900. Foreldrar: Guðmundur tómthúsmaður Ögmundsson og kona hans Ragnhildur Magnúsdóttir.
9. Jón Guðmann Björnsson, fæddur að Varmá í Mosfellssveit 18. marz 1901. Foreldrar: Björn verksmíðjueigandi Þorláksson og kona hans Anna Jónsdóttir.
10. Ólafur J. Ólafsson, fæddur í Kaupmannahöfn 3. febr. 1901. Foreldrar: Jón A. Ólafsson, trésmíðameistari í Reykjavík og kona hans Guðrún Jóhanna Jónsdóttir.
11. Óskar Norðmann, fæddur á Akureyri 4. febrúar 1902. Foreldrar: Jón kaupmaður Norðmann og kona hans Jörunn Einarisdóttir Norðmann.
12. Rósa Bjarnadóttir, fædd á Útskálum í Garði 7. ágúst 1900. Foreldrar: Bjarni kennari Jónsson og kona hans Rósa Lúðviksdóttir.
13. Sigurður Haraldsson, fæddur í Reykjavík 13. apríl 1901. Foreldrar: Haraldur prófessor Nielsson og kona hans Bergljót Sigurðardóttir.
14. Sigurður Ívarsson, fæddur á Stokkseyri 18. nóvember 1899. Foreldrar: Ívar verzlunarmaður Sigurðsson og kona hans Oddrún Runólfsdóttir.
15. Sigurður Thoroddsen, fæddur 24. júlí 1902. Foreldrar: Skúli Thoroddsen, ritstjóri og kona hans Theodóra Guðmundsdóttir Thoroddsen.
16. Soffía Emílija Haraldsdóttir, fædd í Reykjavík 8. maí 1902. Foreldrar: Haraldur prófessor Nielsson og kona hans Bergljót Sigurðardóttir.
17. Sveinn Theódór Gunnarsson, fæddur í Reykjavík 17. maí 1899. Foreldrar: Gunnar trésmíður Gunnarsson og kona hans Salvör Guðmundsdóttir.
18. Tómas Jónsson, fæddur á Grímsstaðaholti við Reykjavík 9. júlí 1900. Foreldrar: Jón bóndi Tómasson og kona hans Kristín Magnúsdóttir.

D. Gagnfræðapróf

(burtfararpróf gagnfræðadeildar)

var haldið í júnimánuði. Við próf þetta voru skipaðir próf-
dómendur með bréfi Stjórnarráðsins 11. maí þ. á. þeir Mag-
ús Einarsson dýralæknir og cand. philos. Þórður Jensson.
Undir prófið gengu 26 þriðju-bekkingar og 20 utanskólanem-
endur. 2 skólanemendur og 1 utanskólanemandi stóðust eigi
prófið, og 2 af utanskólanemendum gengu frá prófi, 1 lauk
eigi prófi sökum veikinda.

Nöfn	Íslenska munnl.	Íslenska skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Sagnfræði	Landfræði	Náttúrusaga	Eðli-fr. einafr.	Stærðfr. munnl.	Stærðfr. skrifl.	Teikning	Rítleikni	Sög	Metaleinkunn	Hannyrð	Leikfimi	Söngur	Hegðun
Skólanemendur:																				
1. Ágúst Brynjólfsson .	4	3	3	3	4	3	5	5	5	5	4	2	5	4	55	3,9	5	4	6	7
2. Árni Arnason	5	4	5	4	5	4	7	6	6	6	4	1	7	5	69	4,9	6	4		8
3. Árni Guðnason	8	6	6	5	6	6	7	6	7	7	7	7	7	5	90	6,4	7	6	6	8
4. Ásgeir Þorsteinsson .	6	4	4	4	6	3	6	4	4	4	4	3	6	5	63	4,5	2	6	6	8
5. Axel Sveinsson	6	5	5	3	5	3	4	5	6	7	4	2	7	5	67	4,8	7	5	6	8
6. Baldur Andrésson . .	4	4	4	2	5	3	5	5	5	5	4	2	5	5	58	4,1	5	4	6	8
7. Björn Guðmundsson.	3	2	4	3	1	2	6	6	5	7	5	6	5	4	62	4,4	5	4	6	8
8. Emil Thoroddsen . . .	6	6	6	6	4	4	4	3	3	1	1	7	5	62	4,4	5	5	6	5	
9. Evfemia Þorvarðsdóttir	4	4	5	3	4	1	5	4	5	4	2	0	3	5	49	3,5	3		6	8
10. Friðrik Björnsson . .	4	3	5	3	5	4	6	5	4	6	2	1	3	4	55	3,9	2			8
11. Gunnar Schram	4	4	4	3	5	2	6	6	5	5	3	1	7	5	60	4,3	6	6		8
12. Gústaf Jónasson . . .	6	7	5	4	5	4	5	4	2	3	2	1	3	6	57	4,1	3	3	4	6
13. Hálfdan Helgason . .	5	4	5	4	5	3	5	5	5	4	4	2	3	3	57	4,1	3	4	6	7
14. Jens Indriðason	5	5	5	4	6	4	5	4	3	5	3	2	3	3	57	4,1	2	4	6	7
15. Jón Thoroddsen	4	4	5	1	3	0	5	4	4	6	4	4	4	4	52	3,7	2		5	7
16. Kristján Albertsson .	6	7	6	4	5	5	5	5	2	2	2	1	2	5	57	4,1	1	4	6	7
17. Lúðvik Guðmundsson	5	5	4	4	4	2	4	6	7	7	3	4	7	5	67	4,8	6	4	5	7
18. Óskar Borgþórsson . .	4	5	5	4	5	3	5	4	3	5	3	2	5	6	59	4,2	2		4	8
19. Salóme Þorleifsdóttir	5	5	5	4	6	5	5	4	4	5	5	3	5	4	65	4,6	2		6	8
20. Skúli Guðjónsson . .	4	4	5	4	5	1	4	3	4	7	2	2	5	4	57	4,1	7	3		7
21. Svafar Guðmundsson	5	4	4	1	5	2	6	5	5	6	5	5	6	5	64	4,6	7	5	5	7
22. Sveinn Sigurðsson . .	4	4	5	3	5	5	5	5	4	5	2	2	4	5	58	4,1	1	4		8
23. Vilhjálmur Sveinsson	4	5	4	2	4	2	5	5	5	6	4	2	6	6	60	4,3	6	6	6	8
24. Vilhjálmur Þorsteins.	6	7	5	5	4	3	6	4	4	5	2	1	4	5	61	4,4	6	4	5	8

Nöfn	Islenska munnl.	Islenska skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Nagnfræði.	Landfræði	Náttúrusaga.	Eðlistr. Eínafr.	Stærðfr. munnl.	Stærðfr. skrifl.	Teikning	Ríðleikni	Stig	Medaleinkunn	Hannyrð	Leikfimi	Söngur	Hegðun
Utanskólanemendur:																				
1. Árni Sigurðsson . . .	6	6	6	6	5	5	5	5	7	5	6	7	4	6	79	5,6	3			
2. Arnór Guðmundsson	4	5	5	4	4	2	4	5	5	5	4	3	5	6	61	4,4	5			
3. Benedikt Gröndal . .	5	4	5	4	5	3	3	5	5	4	6	2	8	5	64	4,6	3			
4. Eyjólfur S. Jónasson.	5	5	5	3	5	2	5	5	4	6	4	2	5	5	61	1,4	5			
5. Grétar Ófeigsson . . .	4	5	5	3	5	3	5	6	4	4	3	2	3	5	57	4,1	2			
6. Guðm. Guðmundsson	4	3	5	5	5	4	5	5	3	2	6	5	5	6	63	4,5	2			
7. Haraldur Jónsson . .	6	4	6	3	5	4	6	4	2	6	4	1	5	5	61	4,4	4			
8. Helgi Ásgeirsson . . .	3	3	4	2	5	3	3	6	5	6	4	3	5	5	57	4,1	3			
9. Jakob Hjörleifsson . .	4	3	4	1	3	2	4	3	4	4	4	2	6	5	49	3,5	5			
10. Jón Helgason	6	5	6	4	6	4	6	5	4	5	6	5	6	5	73	5,2	2			
11. Jónas Sveinsson . . .	3	4	5	4	4	2	7	5	6	6	5	2	4	5	62	4,4	3			
12. Páll Sigurðsson . . .	6	1	4	2	5	3	4	6	5	6	5	2	5	4	58	4,1	5			
13. Ragnar Ófeigsson . .	5	4	5	4	6	3	7	6	6	7	5	2	3	4	67	4,8	1			
14. Rasmus M. Ottesen . .	4	3	3	1	4	0	4	4	5	6	5	3	6	5	53	3,2	4			
15. Valtýr Albertsson . . .	5	4	5	2	5	3	4	3	2	4	5	3	2	4	51	3,6	2			
16. Þorlákur Einarsson . .	5	3	5	2	5	2	5	6	5	6	2	1	5	4	56	4,0	3			

1. Arnór Guðmundsson, fæddur að Einfætingsgili í Strandasýslu 15. febrúar 1892. Foreldrar: Guðmundur bóndi Einarsson og kona hans María Jónsdóttir.
2. Árni Sigurðsson, fæddur í Gerðiskoti í Stokkseyrarprestakalli 13. september 1893. Foreldrar: Sigurður bóndi Þorsteinsson og kona hans Ingibjörg Þorkelsdóttir.
3. Benedikt Gröndal Þórðarson, fæddur í Reykjavík 27. ágúst 1899. Foreldrar: Þórður læknir Edilonsson og kona hans Helga Benediktsdóttir f. Gröndal.
4. Eyjólfur Snæbjörn Jónasson, fæddur á Slettu í Reyðarfirði 2. janúar 1890. Foreldrar: Jónas Eyjólfsson og kona hans Sigurlín Guðnadóttir.
5. Grétar Ófeigsson. Sjá inntökupróf vorið 1911.
6. Guðmundur Guðmundsson, fæddur í Reykjavík 12. desember 1898. Foreldrar: Guðmundur trésmiðameistari Jakobsson og kona hans Þuríður Þórarinsdóttir.
7. Haraldur Jónsson. Sjá inntökupróf vorið 1911.
8. Helgi Ásgeirsson, fæddur í Knararnesi á Mýrum 23. nóvember 1893. Foreldrar: Ásgeir bóndi Bjarnason og kona hans Ragnheiður Helgadóttir.

9. Jakob S Hjörleifsson, fæddur í Höfða í Höfðahverfi 13. ágúst 1896. Foreldrar: Sigurður læknir Hjörleifsson og kona hans Þuríður Jakobsdóttir.
10. Jón Helguson, fæddur að Rauðsgili í Reykhólts prestakalli 30. júní 1899. Foreldrar: Helgi bóndi Sigurðsson og Valgerður Jónsdóttir.
11. Jónas Sveinsson. Sjá inntökupróf vorið 1910.
12. Páll Sigurðsson, fæddur í Lölukoti í Flóa 23. júlí 1892. Foreldrar: Sigurður bóndi Gunnarsson og kona hans Ingibjörg Þórðardóttir.
13. Ragnar Ófeigsson. Sjá inntökupróf vorið 1911.
14. Rasmus Morten Ottesen. Sjá inntökupróf vorið 1910.
15. Valtýr Zófónias Albertsson, fæddur í Flugumýrarhvammi í Skagafirði 16. janúar 1896. Foreldrar: Albert bóndi Jónsson og kona hans Stefania Pétursdóttir.
16. Þorlákur Einarsson, fæddur að Borg á Mýrum 8. marz 1898. Foreldrar: Einar prestur Friðgeirsson og kona hans Jakobína H. Sigurgeirsdóttir.

Verkefnið í hinu skriflega gagnræðaprófi í júní 1914.

1. Íslenskar ritgerðir.

a. Endursögn:

Finnbogasaga 17. kap., nokkuð stytur.

b. Ritgerð:

Jólin.

2. Í Danskan stíl.

Það var í ágústmánuði. Veðrið var heitt og mollulegt. Sveinn nokkur var á ferðinni, er var að stritast upp bratta brekku skamt frá kaupúninu, móður og mäsandi, og hafði þunga kórfa á baki sér. Hann hafði verið sendur upp í sveit til einhvers viðskiftamanns foreldra hans með einhvern varning, og hafði nú borgunina að bera til baka. Sveinninn var lítt þroskaður, og veitti honum mjög erfitt að rogast upp brekkuna með kórfa. Hann settist hvað eftir annað niður til þess að hvila sig. En því ofar sem dró, því lengra sýndist honum upp á brúnina, og því oftast sem hann hvíldi sig, fanst honum karfan þyngjast æ meir.

Þá er hann var kominn hér um bil upp í miðja brekkuna, gekk fram á hann vel búinn maður og hélt leiðar sinnar. En er hann hafði gengið skamt fram fyrir hann, nam hann staðar, leit á hinn þreytulega svein, sneri aftur, gekk til hans og mælti vingjarnlega:

„Kerfan þin mun vera æðipung, drengur minn. Á eg eigi að bera hana fyrir þig stundarkorn?“

Svo tók hann kórfa af sveininum og har hana alveg upp á brúnina. Þá er þangað var komið, setti hann kórfa niður, og mælti brosandí: „Nú fer þú líklega að geta borið kórfa þína sjálfur, er undan fæti tekur að halla. Eða á eg að bera hana spölkorn enn?“ „Nei, ekki eitt skref lengra“, mælti sveinninn, og þakklætistilfinningin skein út úr augum hans. „Ofan í móti mun mér verða auðvelt að bera hana. Hafid kærar þakkir fyrir hjálpina, góði maður“.

„Vertu eigi að þakka þetta litilræði“, sagði velbúni maðurinn og hélt leiðar sinnar.

2. Í enskan stíl.

Um miðjan september fór frænka mín með mig til Canterbury. Það átti að selja skólann þ. 20. sept., og hún ætlaði að dvelja í bænum til þess 19. Hún hjó hjá hr. Field, vini sínum. Það þurfti að útvega mjóer húsnæði til vetrarins, og í margra daga var hún önnum kafin að líta á herbergi, sem auglýst voru til leigu. En það reyndist ómögulegt að finna neitt, sem henni líkaði. Þá bauð hr. Field henni herbergi handa mér í húsi sínu. Hann sagði, að eg líti út fyrir að vera kyllátur drengur, og mundi ekki trufla hann. Auk þess yrði eg ekki mikið heima eftir að skólinn væri byrjaður. Frænka mín líkaði ekki við að taka boðinu. Eg er viss um, að hún hefði fyrir löngu verið búin að biðja hann að taka mig, ef henni hefði dottið í hug, að hann væri fús á að gjöra það. Þegar frænka mín var tilbúin að leggja af stað, lét hún sækja vagninn. Meðan verið var að sækja hann, talaði hún alvarlega við mig. Hún sagði, að eg myndi að öllum líkindum verða að leggja mikið á mig í skólanum. Hún varaði mig við að *óhlýðnast*¹⁾ kennurum mínum. Hún lét mig lofa því að hegða mér vel í húsi hr. Fields. Að lokum sagðist hún ekki vera í neinum vafa um, að eg myndi altaf vera góður drengur.

Það sama kvöld sá eg Jón aftur. Hann var nú orðinn skrifari hjá hr. Field. Hann er einn af einkennilegustu mönnum, sem eg hefi kynst. Hann minti mig á að eg hefði lofað því að heimsækja hann, þegar eg kæmi til Canterbury. „En eg hjóst þó varla við, að þú myndir gjöra það, eg er svo fátækur“, bætti hann við. Eg vildi ekki láta hann halda, að mér geðjaðist ekki að honum vegna *fátæktar*²⁾ hans, og sagði því, að eg hefði verið búinn að heimsækja hann, ef hann hefði ítrekað boð sitt fyr, eg hefði aðeins verið að biða eftir að hann gjörði það.

1) disobey.

2) poorness.

4. Í stærðfræði I.

1. dæmi. Ef tekinn er burtu úr kvaðratinu hér á myndinni, sá fjórði partur, sem með strykunum er — það er: einn af þeim fjórum smá þríhyrningum, sem diagonalarnir skifta kvaðratinu í — má ur því, sem eftir er, búa til þristrendau, réttan og reglulegan pýramída, og verða þá kvaðratfjórðungarnir hliðarfletir hans. — Finn rúmmál þess pýramýða og alt yfirborðið, þegar diagonal kvaðratsins er 4 metrar . . Ef útkoman er irrational, reiknist hún með 2 desimölum.



2. dæmi. Reikna út:

$$\left(\frac{1 \frac{92}{689} \cdot 4 \frac{15}{142} - \frac{707}{871} \cdot \frac{91}{101}}{\frac{32}{39} \cdot 1 \frac{1}{14} - \frac{21}{134}} \right) \cdot \frac{8190,0,05^2 + 5,04}{11,34 : \frac{3}{4}} \cdot \frac{29,0,12,4,6 + 58,7,164}{10,785}$$

5. Í stærðfræði II.

1. dæmi. Hvernig skal draga línu frá miðpunkti einnar hliðar í rétt-
hyrningi (Rektangel), svo að réttlyrningurinn skiftist í tvo parta
(Trapez), þannig að annar parturinn sé að flatarmáli helmingur af
hinum partinum?
2. dæmi. A, B og C erfðu 3 peningaupphæðir, er til samans voru
3000 kr. — Eftir nokkurn tíma hafa þeir aðeins 2840 kr. eftir af
arfinum, þar sem A hefir tapað 10% og B 15% af arfshluta sínum,
en C hefir grætt 10% af sínum arfshluta. Upphæðir þær, er þeir
eiga eftir, setja þeir á vöxtu, A og B á 4% vöxtu p. a. og C á
5% p. a. Við það verða vaxtatekjur þeirra 124,60 kr. á einu ári.
— Hve mikið erfði hver?

E. Burtfararpróf

(stúdentspróf)

var haldið í júnímánuði. Voru þeir prófessor Haraldur Niels-
son, landsbókavörður Jón Jakobsson og verkfræðingur Knud
Zimsen skipaðir prófdómendur við próf þetta með bréfi Stjórn-
arráðsins 11. maí þ. á.

Undir próf þetta gengu, auk sjöttubekkinga 4 utanskóla-
nemendur, en aðeins 2 þeirra stóðust prófið.

Verkefnið í hinu skriflega stúdentsprófi í júní.

1. Í íslenska ritgerð.

- Erat maðr svá góðr, at galli nè fylgi, né svá illr, at einugi dugi.
- Mjór er mikils visir.
- Loðvík XI, Frakkakonungur.

2. Í danskan stíl.

Á áttunda tug aldarinnar dó ungi lyfsalinn Pramman, skömmu eftir að faðir hans hafði slept við hann lyfjabúðinni. Og hálfu ári síðar dó kona hans. Gamli Pramman varð þá aftur að taka að sér rekstur lyfjabúðarinnar, enda var hann maður á bezta aldri, tæplega fimtugur. Hann fékk systur tengdadóttur sinnar til þess að stjórna heimilinu og ala upp Fanny litlu, einkadóttur hins látna sonar síns. Það varð uppeldi í allsnægtum, en eigi alls kostar óskynsamlegt.

Gamli Pramman bar mikla virðing fyrir þekking og mentun, í þeim skilningi, sem hann og yngri samtíðarmenn hans lögðu í þau orð. Hann hafði látið son sinn stunda háskólanám, áður en hann hafði tekið við lyfjabúðinni. Í háskólaeyfunum varð oft æði gestkvæmt í gömlu lyfjabúðinni. Æskulýðurinn hafði samsöngva, ræddi um fagurfræði og stjórnmál, og gamli lyfsalinn varð eftirlætisgóð unga fólksins; því að þeim þótti svo vænt um, að hann, roskinn maðurinn, skyldi fallast á hinar ungæðislegu hugmyndir þeirra og geta brugðið því fyrir sig að henda gaman að heldra fólkinu.

Eftir dauða sonarins, er hann syrgði mjög, varð Fanný litla dægurstytting hans, leikfang hans og sólskin. Hann hét sér því, að hún skyldi verða vel mentuð stúlka, því að hann hélt því fram, að mentaðir menn væru hin einu sönnu stórmenni veraldarinnar, er nú væru í hávegum höfð.

Gamla Pramman var ekki lagið að hugsa rökrétt eða gera framtíðarfyrirællanir, þó að eigi brysti hann vit. Þegar hann hafði litið eftir í lyfjabúðinni, las hann á degi hverjum tvö blöð; hann fullnægði þörf sinni til að kynnast erlendum bókmentum með því að lesa neðanmálið¹⁾ í öðru blaðinu og vísandaþörfinni með því að fara yfir neðanmálið í hinu blaðinu.

1) Neðanmál = Feuilleton.

3. Í enskan stíl.

Daginn eftir var mjög gott veður. Alt boðsfólkið var þann dag undir berum himni. Þegar eg stóð við gluggann minn og var að horfa á það, er það var að koma heim, tók eg eftir því, að hr. Rochester og ungfrú Ingram gengu spölkorn frá hinum. Það var augljóst, að hann

kaus heldur félagsskap hennar en hinna; þau hölluðu saman höfðum eins og þau væru í innilegri samræðu. Til skamms tíma hafði eg eigi viljað trúa á þann möguleika, að hann yrði ástfanginn af henni; eg hafði álitid, að það gæti ekki komið til nokkurra mála. En nú leit vissulega út fyrir, að eg yrði að breyta skoðun minni.

Litli lærlingurinn minn hafði orðið frá sér numinn af fögnuði, er hún fékk þær fréttir, að hún ætti að fá að vera niðri hjá gestunum eftir miðdegisverðinn, og beið þess nú óþolinmóð, að eg byrjaði að klæða hana. Fór eg því með hana inn í herbergi hennar, til að búa hana. Hún var mjög róleg meðan verið var að klæða hana og var eins alvarleg á svipinn eins og dómari. Og þegar því var lokið, þurfti eg ekki að vara hana við að aflaga fölin; hún gætti þess að ganga mjög hægt til þess að skemma ekki verk mitt.

Mér var sjálfri dálitid órótt út af því að þurfa að fara með hana. Til allrar hamingju varð komist um aðrar dyr inn í beztu stofuna en dyrnar frá borðstofunni, þar sem allt fólkid sat að miðdegisverði. Er við vorum þangað komnar, settist litla stúlkan hlýðin á stól, er eg bentí henni á. Við heyrðum suð úr borðstofunni, en fólkid taladi í svo lágum róm, að okkur var ekki unt að greina eitt einasta orð. En brátt mátti heyra hávaðann frá fólkinu, sem var að standa upp frá borðinu. Þegar það kom inn, virti eg ungfrú Ingram vandlega fyrir mér. Mig langaði til að sjá, hvort hún væri í raun og veru svo fögur, að líklegt væri, að hún gæti hrifið Rochester. Fegurð hennar gat ekki orðið neitt deilumál. En það var þó ekki fegurð góðrar konu.

Nöfn	Feðingardagur																	
		Íslenska munnl.	Íslenska skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Þýzka	Franska	Latína	Sagnfræði	Náttúrufræði	Stærðfr. munnl.	Kítaleikni	Stig	Medaleinkunn	Leikfimi	Hegðun
Skólanemendur:																		
1. Brynjólfur Kjartansson	20/12 93	5	4	6	4	5	3	5	6	6	6	4	4	5	63	4,8	8	8
2. Eiríkur Helgason . . .	16/2 92	5	5	5	4	4	2	4	5	3	5	5	4	5	56	4,3	6	6
3. Guðmundur Finarsson	18/5 93	6	5	6	2	5	3	5	6	6	7	7	7	4	69	5,3	6	8
4. Gunnar E. Benediktss.	30/6 91	6	4	5	2	5	1	4	5	5	4	5	6	5	57	4,4	8	8
5. Jóhanna Magnúsdóttir	28/6 96	4	4	6	6	6	2	5	6	5	6	5	5	5	65	5,0	8	8
6. Jón Jónsson	31/5 94	5	5	5	2	5	3	5	5	5	5	5	3	6	59	4,5	8	8
7. Jón Sveinsson	25/11 89	6	6	5	1	6	2	5	5	6	7	6	6	5	69	5,3	7	8
8. Knútur Kristinsson . .	10/9 94	4	4	6	5	5	5	6	6	6	4	5	6	5	67	5,1	5	7
9. Pétur Sigurðsson . . .	17/2 96	6	6	7	4	6	5	6	7	7	7	7	7	6	81	6,2	6	8
10. Sigurður Lárusson . .	21/4 92	5	4	5	3	5	2	5	5	5	5	4	3	4	55	4,2	6	8
11. Sveinbjörn Jónsson . .	5/11 94	5	4	5	2	5	2	5	5	4	4	3	4	5	53	4,1	8	8
12. Sveinn Jónsson	11/3 92	5	5	6	5	4	3	4	5	5	5	4	1	6	58	4,5	6	6
13. Sveinn Sigurðsson . .	9/12 90	6	5	6	4	5	4	6	6	6	6	6	6	6	72	5,5	7	8
14. Tryggvi Sveinbjarnars	24/10 91	5	5	6	3	6	3	6	6	5	5	5	2	4	61	4,7	4	8
15. Þórhallur Árnason . .	20/8 91	4	4	4	2	4	1	4	5	4	5	4	5	6	52	4,0	6	7
16. Þorsteinn Ástráðsson.	4/10 94	6	5	6	3	6	3	5	6	6	6	5	3	6	66	5,1	8	8
Utanskólanemendur:																		
1. Árni Vilhjálmsson . .	23/6 91	4	5	6	4	4	2	5	5	5	6	7	5	6	64	4,9	8	8
2. Rögnv. Guðmundsson	20/7 91	5	5	5	3	4	2	4	4	2	5	3	4	6	52	4,0	8	8

VII. Stjórn skólans.

1. Fjárhagsvottorð

nemenda hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

Samkvæmt bréfi stiftsyfirvaldanna 20. maí 1896 verða þeir nemendur, sem vilja fá námsstyrk af landsfé, að senda til rektors vottorð um fjárhag sinn og allar ástæður fyrir 1. okt. ár hvert, og gildir þetta vottorð um leið sem bónarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, er þá fer í hönd. Eyðublöð

til slíks fjárhagsvottorðs fást ókeypís hjá aðalumsjónarmanni skólans í skólahúsinu, og er það svohljóðandi.

1. Nafn nemandans: 2. Nöfn foreldra hans: 3. Kom í Reykjavíkur mentaskóla árið . . . og settist í . . . bekk. 4. Hverja atvinnu eða embætti hefir faðir nemandans, eða — ef hann er dáinn — hverja stöðu hafði hann og hverja stöðu hefir móðirin, ef hún er á lífi? 5. Eiga foreldrar nemandans fleiri óuppkomin börn en hann og eru nokkur þeirra sett til menta í öðrum skólum en barnaskólum? 6. Hve miklar tekjur hefir faðirinn (eða móðirin) árlega af atvinnu sinni eða embætti? Ef faðirinn (eða móðirin) lifir á sveitabúskap eða sjávarútvegi, þarf ekki að svara þessari spurningu, en aftur á móti skal þá tilgreina, á hve mörgum jarðarhundruðum hann (hún) býr, auk þess, um sjávarbóndann, hve mörgum skipum eða bátum hann (hún) heldur úti. Auðvitað eiga bændur sem aðrir að tilgreina, ef þeir hafa tekjur af öðru aukreitis við hliðina á sveitabúskapnum eða sjávarútveginum, t. d. af umbóði, póstafréiðslu, smíðum o. s. frv. Hefir móðirin nokkra sérstaka atvinnu, er gefi af sér nokkrar verulegar tekjur í félagsbú foreldranna, og þá hve miklar? 7. Á faðirinn (móðirin) nokkura jarðeign, húseign, þilskip eða part úr þilskipi, fé á vöxtum eða aðra arðberandi eign? (Jarðarhundruð og upphæð veðlána skal nefna, en önnur eign tilfærast í peningavirði). Hvað mikið telur faðirinn (móðirin) fram til tíundar í hundraðatali? 8. Á nemandinn nokkurn arf eða aðra séreign, og þá hve mikið? (Jarðarhundruð skal telja, en önnur eign tilgreinist í peningavirði) 9. Fær nemandinn nokkura hjálp hjá öðrum en foreldrum sínum? . . . 10. Aths. sem vottorðsveitandi að öðru leyti kann að vilja taka fram.

Að fjárhagsvottorð þetta sé rétt í öllum greinum samkvæmt minni beztu vitund og að engu sé leynt, sem nauðsynlegt er að taka fram til að fá rétta hugmynd um fjárhag nemandans, það votta eg hér með við drengskap minn og samvizku.

..... dag

(Nafn vottorðsveitanda)

Hér með votta eg undirskrifaður, að mér sé ekkert kunnugt, sem hnekki framanskriðuðu fjárhagsvottorði eða ósanni það í neinni grein.

..... dag

(Nafn þess, er staðfestir vottorðið)

Til athugunar fyrir vottorðsveitendur og umsækjendur:

1. Fjárhagsvottorð nemenda hins alm. mentaskóla skulu gefin af föður nemandans. Ef hann er dáinn eða á einhvern hátt fallaður frá að undirskrifa það, og sé nemandinn ómyndugur (ekki fullra 18 ára), þá skal móðirin gera það í föðursins stað, svo framarlega sem hún

- situr í óskiftu húi, en annars löglega skipaður fjárhaldsmaður nemandans (ekki skólafjárhaldsmaður, nema hann sé um leið löglega skipaður fjárhaldsmaður). Sé nemandinn hálfmyndugur (fullra 18 ára, yngri en 25 ára) og eigi ekki föður á lífi skal hann sjálfur undirskrifa það með tilsjónarmanni. Sé nemandinn myndugur (fullra 25 ára) og eigi ekki föður á lífi, skal hann sjálfur undirskrifa vottorðið.
2. Auk þess skulu fjárhagsvottorðin staðfest af hlutadeigandi sóknarpresti. Ef sóknarprestur er sjálfur vottorðsveitandi, skal það staðfest af hlutadeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.
 3. Ef það sannast, að eitthvað sé óátt eða rangt í framanskrifuðu fjárhagsvottorði og séu líkur til, að rangt sé skýrt frá af ásettu ráði, þá missir nemandinn allan þann styrk, sem hann kann að hafa haft, og getur ekki húist við að fá neinn styrk í skólanum upp frá því. Auk þess varðar það við lög, ef röng skýrsla er gefin.
 4. Fjárhagsvottorðið á að vera komið til rektors skólans í síðasta lagi 1. október ár hvert og gildir um leið sem umsóknarbréf um námsstyrk eða annað styrktarfé á því skólaári sem þá fer í hönd. Verður því að endurnýja það árlega. Verði einhver breyting til hins verra á ástæðum nemandans, eftir að vottorðið er undirskrifað, skal skólafjárhaldsmaður gera skriflega yfirlýsingu um það eftir beztu vitund og senda hana eigi seinna en 1. október, eða ef breytingin verður síðar, þá í síðasta lagi fyrir 1. marz næst á eftir. Nýsveinar þeir, sem gera sér von um styrk á 1. skólaári, verða að senda inn fjárhagsvottorð fyrir 1. marz ár hvert.

2. Skilyrði fyrir inntöku í skólann.

a. *Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðadeildina* eru tekin fram í bráðabirgðarreglugerð fyrir nefndan skóla 18. og 19. gr. og eru báðar greinarnar til leiðbeiningar hlutadeigendum prentaðar hér orðréttar:

18. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar, séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildarinnar, séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra.

Þegar sérstaklega stendur á, getur Stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka pílta, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameisturi mælir með því

2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem getur orðið hinum nemendum skaðvænn.

3. Að siðferði þeirra sé óspilt.

4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir siðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa húið þá undir skóla.

19. gr.

Til þess að verða tekinu í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf, er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

1. Íslenska munnleg.

Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kaffa í óbundnu máli, og nokkurnveginn áheyrilega ólesinn kaffa sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utaúbókar nokkur íslensk kvæði, helzt sögulegs efnis, og geta gert grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist, að hann hafi skilið þau.

Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunni helztu atriðin í íslenskri beygingarfræði.

2. Íslenska skrifleg.

Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna, að hann geti nokkurnveginn ritvillulítið, og svo, að helztu lestrarmerki séu réll sett, skýrt skriflega frá efni í stuttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögð eða lesin fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst.

3. Reikningur.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunni 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum.

4. Skrift.

Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.

5. Danska.

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslensku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúið munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslensku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins.

6. Saga.

Nemandinn verður að hafa numið stult ágríp af mannkynssögunni og af sögu Íslands.

7. Landafraedi.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af allri landafraedinni og nokkurnveginna nákvæma lýsingu Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan.

8. Náttúrusaga.

Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin og þau önnur dýr, sem menn varða mestu, ennfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir.

3. *Skólabækur.*

Allir nemendur eru skyldir að eiga, eða hafa til notkunar alt skólaárið allar þær bækur, sem við eru hafðar í þeim bekk, er þeir sitja í, þar á meðal mállýsingar og orðabækur í hverju máli, sem kent er í bekknum. Verða slíkar bækur ekki lánaðar nemendum úr skólabókasafninu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Reykjavík í septembermánuði 1914.

Geir T. Zoëga.



Auglýsing.

1. Inntökupróf í 1. bekk gagnfræðsdeildarinnar er að jafnaði haldið í lok (27.—29.) júnímánaðar (sbr. bráðabirgðarreglug. fyrir hinn almenna mentaskóla 9. sept. 1904, 17. gr.). Skulu vandamenn nýrra nemenda afhenda skólameistara fyrir 1. d. júnimán. fyrirskipuð vottorð frá kennurum þeirra um, að þeir hafi veitt þeim tilsögu, ásamt skrá yfir það, sem þeir hafa lesið, siðferðisvottorð, fæðingarvottorð og bólusetningarvottorð. Um inntökuskilyrði vísast til tóðrar reglugerðar 18. og 19. gr.

2. Gagnfræðapróf og stúdentspróf er haldið í júnimánuði og skulu vandamenn eða fjárhaldsmenn þeirra utanskóla nemenda, sem ætlað er að ganga undir þessi próf, afhenda skólameistara umsóknir um það fyrir 15. dag maímán., að þeim verði leyft að ganga undir þessi próf með nemendum skólans, ásamt fyrirskipuðum skýrslum (kensluvottorðum og lestrarskrám). Ef nemendur þessir hafa eigi áður verið í skólanum, þá skal um leið afhenda skólameistara siðferðisvottorð þeirra, fæðingarvottorð og bólusetningarvottorð. Þá skulu þeir og greiða 2 kr. prófgjald til Bræðrasjóðs.

Til er ætlast að þeir nemendur, sem undir burtfararpróf ganga, gefi upp þær sömu bækur, sem lesnar hafa verið í mentaskólanum, en skyldi einhver nemandi óska að gefa upp aðrar bækur, þá verður hann að fá til þess samþykki skólastjóra og hlutaðeigandi kennara.

3. Vandamenn eða fjárhaldsmenn þeirra gagnfræðinga, er ækja inntöku í 1. bekk lærdómsdeildarinnar, skulu afhenda skólameistara umsókn um það fyrir 1. d. septembermán. Auk þess verða þeir að afhenda skólameistara í nefndan tíma prófskirteini nemandanna, ef þeir hafa lokið gagnfræðaprófi í Akureyrarskóla, fæðingarvottorð þeirra og bólusetningarvottorð.